NÁMSLEIÐ

Kjarnagreinar

Hæfniþrep 2



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR
Menntastoðir
númer 20-483-2-1200

NÁMSLEIÐ
Kjarnagreinar - uppbrot námskrár (20-483-2-1200)

VINNUSTUNDIR NEMA
400 klukkustundir alls

HVERJUM ÆTLAÐ
Fullorðnu fólki á vinnumarkaði eldra en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

ÚTGEFANDI
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2026.

GERT AF: Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.
Staðfest af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

Efnisyfirlit

Námsleið, Kjarnagreinar 1
Lýsing 1
Inntökuskilyrði 1
Markhópur 1
Hæfniviðmið 1
Hæfniviðmið náms 2
Skipulag 2
Námsmat 2
Vinnustundir 3
Yfirlitstöflur 3
Námsþættir 4
Íslenska 15 (F-ÍSLE2RU) 4
Stærðfræði 15 F-STÆF2HS 6
Erlend tungumál 15 (enska) (F-ERTU2OH) 7
Erlend tungumál 15 (danska) (F-ERTU2OH) 8

Námsleið, Kjarnagreinar

Er byggð á ákveðnum námsþáttum í námskránni Menntastoðir númer 20-483-2-1200.

Lýsing

Tilgangur námsins er að mæta þörfum fullorðinna á vinnumarkaði sem vantar kjarnaáfanga á 2. þrepi til að geta lokið iðn-eða starfsnámi, eða til undirbúnings frekara námi.

Námsleiðin er samsett úr þremur megin námsþáttum úr námskránni: Íslensku 15, Stærðfræði 15, og tveimur lotum af Erlend tungumál 15 (danska og enska). Markmiðið er að styrkja jákvætt viðhorf til náms og byggja upp haldgóða undirstöðu og þekkingu í almennum bóklegum greinum sem undirbúa námsfólk fyrir áframhaldandi úrvinnslu og framhaldsskólanám.

Öll fögin í námsleiðinni eru á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Heildarnámstími námsleiðar er 400 klukkustundir.

Heildarnámstími námsleiðar er 400 klukkustundir en námskráin er alls 1200 klukkustundir.

Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk, 18 ára eða eldra sem á stutta skólagöngu að baki og býr yfir færni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins samkvæmt námsleiðinni.

Markhópur

- einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- starfsfólk í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis
- einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemar þurfa að búa yfir að námi loknu, þau lýsa færni/stöðu hvers nema við námslok og endurspegla breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Neminn er þannig í brennidepli og sjónarhorninu hefur verið snúið frá því sem leiðbeinandinn gerir og að þeirri hæfni sem nemi þarf að búa yfir við námslok.

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) námsins í heild og svo hæfniviðmið fyrir hvern námsþátt (áfanga). Í hæfniviðmiðum er neminn í brennidepli, þ.e. það sem einstaklingurinn lærir, í stað þess að einblína á hvað leiðbeinandinn gerir. Nám einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því er mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Þau vísa til þekkingar jafnt sem vinnubragða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem nemum

gefst kostur á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst með hverjum námsþætti fyrir sig. Jafnframt eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsins sem heildar og eru þau skráð hér fyrir neðan.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekkingarviðmið:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

- lykilatriðum í kjarnagreinum framhaldsskóla
- möguleikum til að efla eigin námstækni
- lykilþáttum í ABG (ísl, stæ, ens/dan)
- að leggja grunn og byggja upp sjálfstæða verkefnavinnu.

Leikniviðmið:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að

- beita námstækni sem hentar til náms hverju sinni
- setja sér námsmarkmið í samræmi við eigin fyrirætlanir með náminu
- leggja gagnrýnið mat á upplýsingar

Hæfniviðmið:

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna verkefni sjálfstætt og skipuleggja vinnuna
- miðla upplýsingum bæði skriflega og munnlega á skýran og greinargóðan hátt
- takast á við aðfararnám í háskóla og/eða áframhaldandi nám á framhaldsskólastigi.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna. Æskilegt er að leiðbeinendur taki mið af öllum námsþáttum til að tryggja samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að hver leiðbeinandi og nemi fari sem oftast yfir það sem áunnist hefur og hvernig þeim gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf til hvers nema á námstímanum.

Vinnustundir

400

Yfirlitstöflur

Námsleið: Kjarnagreinar

- úr námskrá: Menntastoðir

Tafla 1: Skipulag náms — Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Eining	Þrep
Íslenska 15	F-ÍSLE2RU (63)	100	40	60	5	2
Stærðfræði 15	F-STÆF2HS (2)	100	60	40	5	2
Erlend tungumál 15 (Danska)	F-ERTU2OH (2)	100	40	60	5	2
Erlend tungumál 15 (Enska)	F-ERTU2OH (2)	100	40	60	5	2
Vinnuframlag nema		**400**	180	220	20	

Frjálst val: Nei

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþáttar úr namskra.is

Íslenska 15 (F-ÍSLE2RU)

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Ritun, lestur, málfræði, málsaga, bókmenntir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni nema í lestri, ritun og á þróun tungumálsins. Áhersla er á að nemar vinni með mismunandi gerðir texta við lestrar- og ritunaræfingar. Unnið er með lykilhugtök málfræðinnar í tengslum við ritun og fjallað um hvernig tungumálið hefur breyst og hvernig það birtist í mismunandi tegundum texta. Jafnframt er fjallað um grunnhugtök bókmenntafræðinnar og unnið með mismunandi tegundir bókmennta. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lesturs og lesskilnings fyrir áframhaldandi hæfniuppbyggingu í námi og starfi
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í daglegu lífi/tal- og ritmáli
- einkennum margvíslegra textategunda
- uppruna íslensku og skyldleika mála
- orðsmíð og merkingu orða
- þróun tungumálsins í tímans rás
- íslenskri málstefnu
- grunnhugtökum bókmenntafræðinnar.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns og ánægju ýmiskonar texta
- lesa ólíkar tegundir bókmennta/lesa íslensk skáldverk
- beita málfræði í tal- og ritmáli
- byggja upp og ganga frá stuttum ritsmíðum
- undirbúa stutta framsögn að eigin vali
- flytja, af nokkru öryggi, efni um afmörkuð málefni.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- nýta grunnhugtök bókmenntafræðinnar
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Stærðfræði 15 F-STÆF2HS

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Hagnýt stærðfræði í daglegu lífi, verslunarreikningur, grunnþættir tölfræði, töflureiknir notaður við úrlausnir verkefna

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar tileinki sér vönduð vinnubrögð í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu og röksemdarfærslu við úrlausn verkefna og þrauta. Áhersla er á hagnýta stærðfræði í daglegu lífi þar sem farið er í grunnatriði verslunarreiknings, flatarmál og rúmmál. Fjallað er um hlutföll, prósentu-, vaxtareikning, verðtryggingu og erlendan gjaldeyri. Nemar fá þjálfun í að nota grunnþætti lýsandi tölfræði eins og tíðni, gröf, miðsækni, dreifing og mat á niðurstöðum. Einnig er notkun töflureiknis við úrlausn verkefna þjálfuð hjá nemum. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnaðgerðum í verslunarreikningi
- einföldum fyrsta stigs jöfnum
- framsetningu gagna í tíðnitöflum
- myndrænni framsetningu gagna úr tíðnitöflum
- einföldustu aðgerðum í flatarmáls- og rúmmálsreikningum
- grunnhugtökum sem lýsa dreifingu gagna og upplýsinga.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna hlutföll, vexti og vaxtavexti
- vinna með verðtryggingu og gengi
- vinna með gögn í töflureikni, gera töflur, finna miðsækni og frávik
- setja gögnin fram á myndrænan hátt í töflureikni.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa útreikninga sem tengjast daglegu lífi og starfi
- lesa úr og greina tölfræðileg gögn, t.d. sem birtast í fjölmiðlum
- beita námsefni áfangans á ný viðfangsefni í frekara námi.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Erlend tungumál 15 (F-ERTU2OH)

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Erlend tungumál (enska)
Viðfangsefni	Orðaforði, hlustun, málfræði, málnotkun, lestur, lesskilningur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að byggja upp hagnýtan hversdags orðaforða. Áhersla er lögð á hlustun, lestur, lesskilning og hagnýta málfræði í tengslum við umfjöllunarefni. Lesnar eru styttri greinar, smásaga og aðrir þjálfunartextar, með textarýni og túlkun texta að leiðarljósi. Ritþjálfun tekur mið af notkun ritvinnsluforrita með ábendingum um leiðréttingar og notkun rafrænna orðabóka. Öll fyrirmæli til nema fara fram á tungumálinu. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Námsþátturinn er á stigi A-1/A-2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu orðflokkum og málfræðiatriðum til notkunar í ræðu og riti
- grunnatriðum í orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka virkan þátt í samskiptum og beita viðeigandi málfari
- tjá sig skýrt og hiklaust um undirbúið málefni
- nota sérhæfðan orðaforða í munnlegum tjáskiptum.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera greinarmun á ólíkri málnotkun eftir aðstæðum
- sýna skilning á samræðum óháð þekkingu á efni og geta sagt frá þeim
- endursegja stuttlega efni, hvort heldur er heyrt eða sem hefur verið lesið.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Erlend tungumál 15 (F-ERTU2OH)

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Erlend tungumál (danska)
Viðfangsefni	Orðaforði, hlustun, málfræði, málnotkun, lestur, lesskilningur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að byggja upp hagnýtan hversdags orðaforða. Áhersla er lögð á hlustun, lestur, lesskilning og hagnýta málfræði í tengslum við umfjöllunarefni. Lesnar eru styttri greinar, smásaga og aðrir þjálfunartextar, með textarýni og túlkun texta að leiðarljósi. Ritþjálfun tekur mið af notkun ritvinnsluforrita með ábendingum um leiðréttingar og notkun rafrænna orðabóka. Öll fyrirmæli til nema fara fram á tungumálinu. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Námsþátturinn er á stigi A-1/A-2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu orðflokkum og málfræðiatriðum til notkunar í ræðu og riti
- grunnatriðum í orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.

Leikniviðmið: Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka virkan þátt í samskiptum og beita viðeigandi málfari
- tjá sig skýrt og hiklaust um undirbúið málefni
- nota sérhæfðan orðaforða í munnlegum tjáskiptum.

Hæfniviðmið: Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera greinarmun á ólíkri málnotkun eftir aðstæðum
- sýna skilning á samræðum óháð þekkingu á efni og geta sagt frá þeim
- endursegja stuttlega efni, hvort heldur er heyrt eða sem hefur verið lesið.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.